

Námsáætlun 2016-2017

Námsgrein: Íslenska

8. bekkur

Kennarar
Sigríður Jóhannsdóttir, sigjo@akmennt.is , Sigrún Sigurðardóttir, sigrsig@akmennt.is Stuðningsfulltrúi Þórey Björk Helgadóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Námsefni	Vinna nemenda	Námsmat
Ágúst-sept. Bókmenntir, lestur, stafsetning og ritun. Af hverju vil ég efla læsi?	Að nemendur - geti hlustað af athygli og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli sér til fróðleiks og skemmtunar. - vinni saman og þjálf sig í samvinnu og að koma fram. - þjálfist í lestri og lesskilningi. - þjálfist í að skrifa upp mismunandi texta, frá eigin brjósti, um efni sem ýmist þeir velja eða kennarar. -þjálfist í lestri og umræðum um Íslendingasögur - læri um Íslendingasögur s.s byggingu þeirra og stíl	<i>Hrafnkels saga Freysgoða</i> Stafsetningaræfingar Ritunaræfingar Kveikjur Bækur af bókasafni	Kennari ræðir við nemendur um Íslendingasögur, aldur, stíl og byggingu. Nemendur lesa saman í litlum hópum söguna og ræða efnisatriði hennar sín á milli Nemendur vinna verkefni tengd sögunni Nemendur rifja upp stafsetningareglur um ng og nk og n og nn Nemendur skila tveimur ritunarverkefnum	Sjálfsmat, jafningjamat, Lestrarpróf (hraða- og lesskilnings) Próf í Hrafnkels sögu.

Tímabil	Hæfniviðmið	Námsefni	Vinna nemenda	Námsmat
Október Mikill er máttur tungunnar. Málfræði/nafnorð Stafsetning	Að nemendur - beiti málfræðihugtökum í umræðum um notkun málsins og þróun þess. - geti nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni og tekið afstöðu til þess sem þar er birt. - átti sig á mikilvægi nafnorða - geti fundið stofn nafnorða - átti sig á huglægum og hlutlægum nafnorðum - þjálfist í fallbeygingu erfiðra orða og geti greint kyn erfiðra orða. - læri veika og sterka beygingu nafnorða. - læri um kenniföll nafnorða. - velti fyrir sér eintölu og fleirtölu - kunni og geti beitt 5 stafsetningarreglum upp á hár - haldi áfram að þjálfast lestur - haldi áfram að þjálfast ritun Lykilhæfni Samvinna	<i>Kveikjur</i> <i>Málið í mark-fallorð</i>	Nemendur og kennari lesa saman kaflann Mikill er máttur tungunnar í Kveikjum og ræða saman um tungumálið, til hvers það er notað og svo framvegis Nemendur vinna saman í hópum að því að markaðssetja nýja vöru. Búa til slagorð og auglýsingar. Nemendur vinna með stafsetningu, finna hvað er athugavert við texta, laga hann til og leiðrétta. Unnið er með nafnorð á fjölbreyttan hátt, nemendur gera innkaupalista og velta fyrir sér hvort hægt er að gera hann án þess að nota nafnorð. Nemendur vinna saman verkefni sem tengjast fallbeygingu bæði veika og sterka og læra um kenniföll. Nemendur skoða kvikmyndagagnrýni í dagblöðum og æfa sig í að gera eina slíka.	Próf í málfræði Stafsetningarupplestur Mat á verkefnum nemenda og skilum. Lestrarpróf (hraða-og lesskilnings) Stafsetningarupplestur

Tímabil	Hæfniviðmið	Námsefni	Vinna nemenda	Námsmat
Nón. Fjölmiðlar eru læsilegir Ég skal svo segja þér. Málfræði/lýsingarorð og atviksorð	Að nemendur: - flytji mál sitt skýrt og áheyrilega og hafi tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas -geri sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýti sér leiðbeiningar um framsögn s.s áherslur, tónfall, hrynjandi og fas. - læri að nota h-in 5 við ritun - læri um fornöfn og þekki að minnsta kosti þrjá flokka þeirra - þjálfí áfram stafsetningu með áherslu á y, ý og ey - geti beitt að minnsta kosti þremur ólíkum leiðum til að lýsa persónu - þekki samlíkingar og geti notað nokkrar - þekki muninn á beinum og óbeinum lýsingum og geti beitt þeim í tali og ritun -viti hvað átt er við með gildishlöðnum orðum -átti sig á hlutverki atviksorða í tungumálinu	Ljóðspeglar og ýmis verkefni úr smiðju kennara. Glærusafn á Málbjargarvefnum. <i>Kveikjur</i>	Nemendur undirbúa Dag íslenskrar tungu sem haldinn er hátíðlegur með öðrum 8. bekkingum á Akureyri. Nemendur velja sér ljóð sem þeir æfa og flytja fyrir bekkinn. Nemendur skoða dagblöð og tímarit og vinna ýmis verkefni tengd þeim bæði í hópum og einstaklingslega. Nemendur endurrita fréttir Nemendur vinna ýmis verkefni tengd fornöfnum. Nemendur rita eftir leiðinni h-in 5 Nemendur rita persónulýsingar	Flutningur ljóðs. Hópvinna. Fornafnaverkefni Stafsetningarpróf y, ý, ey Ritun

Tímabil	Hæfniviðmið	Námsefni	Vinna nemenda	Námsmat
Desember og fram í janúar. Þrautir úti í mýri, álög inn í stýri (ha?) Málfræði/sagnorð	Að nemendur - þjálfist í lestri, - þjálfist í að ræða um bækur, - þjálfist í að koma fram og segja frá bókmenntum. -greini og skilji aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvi sig á tengslum efnisatriða -beiti nokkrum grunnatriðum í bókmenntafræði s.s minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannist við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð. -skilji mikilvægi þess að geta lesið og eftl læsi. -geti nefnt nokkur dæmi um einkenni ævintýra - læri að skrifa formlegt bréf - geti fundið stofn sagnorða og nýtt sér þá leikni í stafsetningu -skilja hvað átt er við með skyldleika nafnorða og sagnorða og geti nýtt sér það í orðaleikjum -þekki mun á beinni og óbeinni ræðu og kunni að nota gæsalappir rétt -kunni að skapa ólík sögusvið -þekki helstu greinamerki -þekki muninn á opnum og lokuðum spurningum	Rökkurhæðir??? <i>Kveikjur</i>	Leshópar með sömu bók, lesa saman og gera verkefni. Kynna söguna fyrir hinum hópunum. Nemendur lesa ævintýri og vinna með þau. Meðal annars endurskrifa þeir gamalt ævintýri og færa upp á nútímann Nemendur æfa sig í að skrifa formlegt bréf Nemendur vinna með sagnorð á fjölbreyttan hátt, æfa sig í að finna stofn og hvernig nýta má hann til að stafsetja erfið orð rétt Nemendur æfa sig í að búa til sögusvið út frá stuttum málsgreinum Nemendur rita sögu út frá mynd	Hópvinnu. Lesskilningsverkefni. Ritun. Próf í málfræði og stafsetningu

Tímabil	Hæfniviðmið	Námsefni	Vinna nemenda	Námsmat
Janúar Fræðilegur lestur en ekki hræðilegur.	Að nemendur: þjálfist í lestri mismunandi texta -skilji hvernig lykilorð hjálpa við lestur -þekki mun á forlestri og eftirlestri -kunni að gera hugarkort -þekki efnisgreinar - læri að glósa - þjálfist í að undirbúa próf	<i>Kveikjur texta- og verkefnabók</i>	Nemendur vinna verkefni í verkefnabókinni Kveikjur Nemendur æfa sig í lestraraðferðum Nemendur gera hugtakakort	Sjálfsmat Lestrar- og lesskilningspróf

Tímabil	Hæfniviðmið	Námsefni	Vinna nemenda	Námsmat
Febrúar Hvað á tungumálið að þýða?	Að nemendur: -átti sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar með íslenska breytast sífellt. - geti nefnt að minnsta kosti þrjú tungumál skyld íslensku - þekki muninn á erfðaorðum og tökuorðum -geti útskýrt hvað einkennir opna orðflokka - geri sér grein fyrir mikilvægi kerfisorða -skilji muninn á slangri og nýyrðum - þekki muninn á forskeytum og viðskeytum	<i>Kveikjur texta- og verkefnabók</i>	Nemendur vinna fjölbreytt verkefni tengd orðmyndun, skyldleika tungumála og velta fyrir sér hlutverki orða í tungumálum. Nemendur leika sér við nýyrðasmíð og ýmislegt fleira skemmtilegt	Verkefni nemenda metin. Sjálfsmat Próf í orðmyndun

Tímabil	Hæfniviðmið	Námsefni	Vinna nemenda	Námsmat
Mars Ást er ... að týnast í orðum -	Að nemendur: - geti sagt frá atburðum út frá mismunandi sjónarhornum - þekki hugtakið atburðarás - geti lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta - skilji að greinamerki skipta miklu máli í rituðu máli - nemendur þjálfí áfram lestur og lesskilning - þjálfist í að skrifa bókmenntaritgerð - geti skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær - geti beitt reglum um réttritun, hafi náð góðu valdi á stafsetningu og geri sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda	<i>Kveikjur texta- og verkefnabók</i> <i>Vestur í bláinn</i>	Nemendur lesa og fjalla um skáldsöguna Vestur í bláinn eftir Kristínu Steinsdóttur Vinna verkefni tengd sögunni	Hópvinnu Sjálfsmat úr hópvinnu. Jafningjamat úr hópvinnu. Bókmenntaritgerð.

Tímabil	Hæfniviðmið	Námsefni	Vinna nemenda	Námsmat
Apríl Unglingurinn sem ljóðaði yfir sig	Að nemendur: - þjálfist í lestri og lesskilningi - velti fyrir sér hugtakinu ljóð og reyni að skilgreina það - þekki muninn á hefðbundnum og óbundnum ljóðum - skilji hugtakið ljóðmælandi - geti fundið stuðla og höfuðstafi í ljóðum - þekki mismunandi rím - átti sig á að ljóð eru ólík - velti fyrir sér boðskap í ljóðum	<i>Kveikjur texta- og verkefnabók</i> <i>Vestur í bláinn</i> Ljóðabækur af safni	Verkefni í verkefnabók leyst	Vinnubók

Tímabil	Markmið	Námsefni	Vinna nemenda	Námsmat
Maí Öll þessi skilaboð	Að nemendur: - geri sér grein fyrir ólíkum málsmiðum - þjálfist í að vinna starfsumsóknir - geti horft og lesið auglýsingar á gagnrýninn hátt og átti sig á hvaða leiðir eru farnar til að ná til neytenda -	<i>Kveikjur texta og verkefnabók</i>		

Heimanám
Heimanám birt á mentor.is.

Birt með fyrirvara um breytingar!